

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 370 27. ágúst 1979.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

2. apríl 1980.

Nr. 219.

SAMPYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,
nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

2. málsgr. 79. gr., sbr. samþykkt nr. 222 10. desember 1963, falli niður.

2. gr.

Við 81. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fenginni umsögn borgarstjórnar. Borgarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið, sem veitt skal til fjögurra ára. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09.00 til kl. 23.30. Ákvæði 77. og 78. gr. taka til þeirra eftir því sem við á.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júní 1980.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. apríl 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.